

# Ársskýrsla 2023

*FAGMENNSKA  
SAMVINNA  
VIRÐING*



---

## Ársskýrsla HSN 2023

Umsjón: Guðný Friðriksdóttir

Athygli er vakin á að misræmi í framsetningu á tölulegum upplýsingum um samskonar þætti starfseminnar skýrist af ólíkum skráningar- og talningarflokkunum.

## ● Efnisyfirlit

Pistill frá framkvæmdastjórn	4
Stjórnendur	6
Skipurit og skipulag HSN	7
Heilsugæsla	10
• Móttaka heilsugæslunnar	11
• Sálfélagsleg þjónusta	18
• Geðheilsuteymi	20
• Mæðravernd	21
• Ung- og smábarnavernd	23
• Heilsuvernd grunnskólabarna	25
• Heimahjúkrun	27
• Sjúkraflutningar	30
• Unglingamóttaka	33
• Heilsueflandi móttaka	33
• Hreyfiseðlar	34
• Bólusetningar	35
Hjúkrunar- og sjúkrasvið	36
Göngudeild	39
Skimun fyrir leghálskrabbameini	42
Rannsóknir og röntgenmyndatökur	43
Atvikaskráning	44
Mannauður	46
Gjafir til HSN 2023	48
Skýrsla og áritun stjórnenda	50
Sundurliðaður rekstrarreikningur 2023	51
Efnahagsreikningur 2023	52
Sjóðsstreymisyfirlit 2023	53

## ● Pistill frá framkvæmdastjórn

Árið 2023 var um margt gott hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN). Hlutverk HSN er að stuðla að bættu heilbrigði íbúa með því að veita heildstæða og aðgengilega heilbrigðisþjónustu. Unnið var að fjölmörgum verkefnum til að uppfylla þetta hlutverk stofnunarinnar. Þá var hafist handa við að útbúa nýja stefnu og starfsáætlun fyrir árin 2024-2028 í samstarfi við sérhæfðan ráðgjafa. HSN hefur frá stofnun unnið eftir stefnu sem mörkuð hefur verið af starfsfólki stofnunarinnar.

Heilbrigðisstofnun Norðurlands var rekin með 36 milljóna afgangi á árinu 2023. Rekstur stofnunarinnar var þó þungur allt árið. Meginskýringin lá í talsverðum launabreytingum sem ekki voru bættar að fullu. Önnur veigamikil skýring er mikil veikindi starfsfólks sem hefur talsverðan beinan kostnað í för með sér. Jafnframt felst mikill hulinn kostnaður í veikindum, svo sem vegna verkefna stjórnenda við að tryggja nauðsynlega mönnun á hverjum tíma og aukins álags á starfsfólk sem eftir er.

Miklar áskoranir voru við mönnun á heilbrigðismenntuðu starfsfólki á árinu og á það við um flestar starfsstöðvar stofnunarinnar. Ein af þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til er að taka á móti fleiri nemum og læknum í sérnámi en fjárheimildir leyfa, með það í huga að byggja grunn undir mönnun, til dæmis heimilislækna. Til framtíðar eru meiri líkur á að fá fólk til starfa sem fær menntun í heimabyggð. Er þessi aðgerð byrjuð að skila árangri en breytingar á vinnumarkaði, nýjar kynslóðir með aðrar þarfir sem og fjölmening krefjast nýrra áherslna og aðgerða og eru því spennandi áskoranir framundan.

Þrátt fyrir að HSN glími við áskoranir í mönnun, eins og aðrar heilbrigðisstofnanir, þá er stofnunin afar heppin með starfsfólk sem er almennt mjög helgað og veitir fyrirtaks þjónustu. Á hverjum degi má sjá fjölbreyttan hóp starfsfólks lyfta grettistaki í margvíslegum störfum sínum.

Heildarsamskipti í heilsugæslu breytast lítið á milli ára. Aukning hefur orðið í samskiptum lækna við skjólstæðinga. Viðtölum þeirra fjölga en mestu munar um aukningu í rafrænum samskiptum í heilsuveru, sérstaklega lyfjaendurnýjanir. Samfara því hefur símtölum heldur fækkað. Starfsemi heimahjúkrunar í heild eykst á milli ára og hjúkrunarþyngd skjólstæðinga fer vaxandi.

Unnið hefur verið að uppbyggingu og skipulagi heilsu-eflandi móttöku. Þá hefur þjónusta hjúkrunarfræðinga við nemendur verið endurskoðuð og komið á í öllum framhaldsskólum á Norðurlandi.

Í upphafi árs varð hjúkrunarheimilið Hvammur á Húsavík hluti af HSN og gekk sú breyting vel og styrkir þjónustuna á svæðinu.

Farið var í samstarf við 1700 símann (HH og Læknavaktina) með forflokun skjólstæðinga inn á síðdegisvaktina á Akureyri sem hefur gefist vel og bætt þjónustu.

Gerð var þjónustukönnun hjá heilsugæslustöðvum á landsbyggðinni á vegum Sjúkratrygginga Íslands haustið 2023 og er ánægjulegt að Heilbrigðisstofnun Norðurlands fékk að meðaltali hæstu einkunnina þegar spurt var um traust til heilsugæslunnar og kom almennt vel út í samanburðinum.

Lítið var um framkvæmdir við viðhald húsnæðis HSN á árinu á vegum FSRE og er það veruleg breyting frá fyrri árum og nauðsynlegt að bæta úr. Unnið var að breytingum og viðbyggingu við verslunarmiðstöðina Sunnuhlíð sem mun hýsa norðurstöð heilsugæslu á Akureyri. Mygla greindist í starfsstöð HSN í Hafnarstræti á Akureyri og

var þá ákveðið að flytja alla starfsemi heilsugæslunnar í Sunnuhlíð þar til suðurstöð verður byggð.

HSN hélt áfram vegferð sinni við innleiðingu rafrænna ferla og upplýsingatækni á árinu. Sameiginleg gögn sem áður voru á netdrifum voru flutt í skýjalausnir en markmiðið með því er að auka öryggi og aðgengi að gögnum og efla rafræn samskipti. TEAMS samskiptalausnin var innleidd fyrir hópavinnu og innleiðing á kerfinu sem símkerfalausn var kláruð.

Velferðartækni var eflað á árinu með frekari innleiðingum á lyfjaskömmtum sem aðstoða fólk heima við að taka lyf á réttum tíma og í réttum skammti. Memaxi spjaldtölvulausn var tekin upp í Fjallabyggð þar sem hægt er að vera í samskiptum við skjólstæðinga gegnum skjáheimsóknir. Ný prentlausn var innleidd á öllum starfsstöðvum með fækkun á prenturum en framundan er þátttaka í verkefni um pappírslaust heilbrigðiskerfi sem HSN er aðili að.

Heilt yfir gekk árið vel, kannanir sýna að íbúar svæðisins treysta stofnuninni vel og mörg markmið hafa náðst. Framkvæmdastjórn horfir björtum augum til framtíðar. Framundan á árinu 2024 eru mörg mikilvæg verkefni, s.s. stefnumótun og flutningur í nýja heilsugæslustöð á Akureyri en jafnframt mun stofnunin fagna tíu ára afmæli. Framkvæmdastjórn HSN þakkar starfsfólki kærlega fyrir gott samstarf og góð störf í þágu íbúa á Norðurlandi árið 2023.

## ● Stjórnendur

Jón Helgi Björnsson, forstjóri

### *Framkvæmdastjórar*

Guðný Friðriksdóttir,  
framkvæmdastjóri hjúkrunar

Pórhallur Harðarson,  
framkvæmdastjóri fjármála og stoðsviða

Örn Ragnarsson,  
framkvæmdastjóri lækninga

Bryndís Lilja Hallsdóttir / Hildur Ösp Gylfadóttir  
mannauðsstjóri

### *Fjármála-, upplýsingatækni- og bókhaldsþjónusta*

Árni Kár Torfason,  
forstöðumaður upplýsingatæknimála

Jón Bragi Gunnarsson  
forstöðumaður bókhaldsþjónustu

### *Yfirlæknar*

Ásgeir Böðvarsson, Húsavík - sjúkrasvið

Fjölfnir Freyr Guðmundsson, Blönduósi

Jón Torfi Halldórsson, Valur Helgi Kristinsson Akureyri

Rúnar S. Reynisson, Dalvík

Sigurður Halldórsson, Norður-Þingeyjarsýslu

Jóhann Johnsen, Húsavík - heilsugæsla

Valþór Stefánsson, Fjallabyggð

Þorsteinn Þorsteinsson, Sauðárkróki

### *Yfirhjúkrunarfræðingar svæða*

Helga Margrét Jóhannesdóttir, Blönduósi

Áslaug Halldórsdóttir, Húsavík

Ingibjörg Lára Símonardóttir, Akureyri


Lilja Guðnadóttir, Dalvík

Sigurbjörg Krístrún Snjólfisdóttir, Sauðárkróki

Sigurður Jóhannesson, Fjallabyggð

## Skipurit og skipulag HSN


### Skipurit Heilbrigðisstofnunar Norðurlands



#### Framkvæmdastjórn:


- Forstjóri
- Framkvæmdastjóri lækninga
- Framkvæmdastjóri hjúkrunar
- Framkvæmdastjóri fjármála og stoðþjónustu
- Mannauðsstjóri

### Ábyrgð og verkefni




#### Staðarumsjón: Yfirhjúkrunarfræðingur eða yfirlæknir


## Skipurit hjúkrunar



## Skipurit lækninga







### Gæðastjóri

Anna Gilsdóttir, Fjallabyggð

### Kerfisstjóri Sögu

Helga Rósa Guðjónsdóttir / Sigurður Ingi Steindórsson, Akureyri

- Heilsugæsla og sjúkrarými
- Heilsugæslustöð
- Heilsugæslusel
- Mörk heilbrigðisumdæmis

### Nefndir og ráð

- Fagráð
- Gæða- og öryggisráð
- Innkaupanefnd
- Jafnréttisnefnd
- Lyfjanefnd
- Þekkingar- og endurmenntunarráð

### Formenn

Faney Ísfold Karlsdóttir, Sauðárkrúki  
 Anna Gilsdóttir, Fjallabyggð  
 Þórhallur Harðarson, Akureyri  
 Anna Lilja Sigurvinsdóttir, Akureyri  
 Ásgeir Böðvarsson, Húsavík  
 Bryndís Lilja Hallsdóttir / Hildur Ösp Gylfadóttir, Akureyri

### Faghópar

- Eldhúshópur
- Heilsueflandi móttökur
- Heilsuvernd grunnskólubarna
- Heimahjúkrun
- Mæðravernd
- Sjúkraflutningar
- Ung- og smábarnavernd
- Öldrunarhjúkrun

### Fagstjórar

Anna Rósa Magnúsdóttir, Húsavík  
 Anita Ragnhild Aanesen, Akureyri  
 Ingibjörg Sólrún Ingimundardóttir, Akureyri  
 Eva Björg Guðmundsdóttir, Akureyri  
 Hulda Pétursdóttir, Akureyri  
 Eysteinn Heiðar Kristjánsson, Húsavík  
 Lilja Guðnadóttir, Dalvík  
 Jóhanna Sigr. Kristjánsdóttir / Berglind Ragnarsdóttir, Húsavík




37.926

Íbúar á þjónustusvæði  
HSN


## ● Heilsugæsla

HSN nær frá Þórshöfn í austri til Blönduóss í vestri og sinnir allri heilsugæsluþjónustu á því svæði. Á starfssvæðinu eru sex meginstarfsstöðvar sem eru Húsavík, Akureyri, Dalvík, Fjallabyggð, Sauðárkrókur og Blönduós en í heild eru heilsugæslustöðvar og heilsugæslusel 17 talsins. Íbúar á svæði HSN eru 37.926 og hefur þeim fjölgað um 607 frá því í fyrra. Á myndunum hér fyrir neðan má sjá skiptingu íbúa eftir svæðum og breytingu á fjölda þeirra.

Fjöldi íbúa á svæði HSN 2023



Fjöldi íbúa á svæði HSN eftir svæðum



Almennir þjónustupættir á heilsugæslustöðvunum eru móttaka og vaktþjónusta heilsugæslulækna, heimahjúkrun, hjúkrunarmóttaka, ung- barna- og mæðravernd, heilsuvernd grunnskólabarna, hjúkrun í framhaldsskólum, þjónusta sálfræðinga, sjúkraþjálfara og næringarráðgjafa og önnur heilsuvernd.


Geðheilsuteymi er starfandi á HSN og einnig heyrja sjúkraflutningar undir heilsugæsluna. Bólusetningar vegna COVID-19 voru á öllum meginstarfsstöðvum og var gefinn 16.321 skammtur á árinu. COVID-19 sýnatökur voru framkvæmdar á öllum meginstarfsstöðvum og voru PCR sýnatökur 34.840 og hraðpróf 12.956 á árinu.

## Móttaka heilsugæslunnar


Heilsugæsla HSN tók á móti 36.524 einstaklingum á árinu 2023 á móti 37.583 árið 2022. Þá voru samskipti á heilsugæslunni 347.480 árið 2023 og fækkaði þeim frá árinu 2022 þegar þau voru 355.562. Sjá má samanburð á fjölda samskipta niður á stöðvar á meðfylgjandi myndum.

Samskipti í heimahjúkrun, skólahjúkrun, blóðprufur og sýnatökur eru ekki inni í þessum tölum, en fjallað er um þá þjónustuflokka síðar í skýrslunni.

### Fjöldi samskipta - heilsugæslan



### Fjöldi samskipta 2023 - heilsugæslan







**347.480**  
Samskipti á  
heilsugæslunni

Á árinu voru samskipti lækna við skjólstæðinga alls 250.890 en árið 2022 voru þau 243.928. Á myndunum hér fyrir neðan má sjá samanburð á fjölda samskipta á milli ára og fjölda samskipta niður á starfsstöðvar<sup>1</sup>.

### Fjöldi samskipta - læknar



### Fjöldi samskipta 2023 - læknar




<sup>1</sup> Breyting er á talningu samskipta starfsstétta frá fyrri árum. Samskiptaflokkurinn „annað“ inniheldur önnur rafræn samskipti en Heilsuverusamskipti, auk annarra samskiptaforma, t.d. þau sem ekki fela í sér samskipti við skjólstæðinga.




Samskipti hjúkrunarfræðinga á stöð voru alls 47.331 talsins við skjól-  
stæðinga en voru 48.945 á árinu 2022. Samskipti í heimahjúkrun,  
skólahjúkrun, sýnatökur og blóðprufur eru ekki inni í þessum tölum. Á  
myndunum hér fyrir neðan má sjá samanburð á fjölda samskipta á milli  
ára og fjölda samskipta niður á starfsstöðvar.

Fjöldi samskipta - hjúkrunarfræðingar á stöð




Fjöldi samskipta 2023 - hjúkrunarfræðingur á stöð




Samskipti ljósmæðra voru 10.048 talsins við skjólstæðinga en voru 9.080 á árinu 2022. Ljósmæður á HSN sinna ýmsum verkefnum, þ.m.t. mæðravernd, ung- og smábarnavernd og almennum hjúkrunarstörfum. Á myndunum hér fyrir neðan má sjá samanburð á fjölda samskipta á milli ára og fjölda samskipta niður á starfsstöðvar.



### Fjöldi samskipta - ljósmæður



### Fjöldi samskipta 2023 - ljósmæður



Myndin hér fyrir neðan sýnir þróun í fjölda samskipta og fjölda einstaklinga í gegnum Heilsuveru hjá HSN.






### Þróun í fjölda samskipta heilsuveru



### Skipting rafrænna samskipta 2023






**4.960**  
Samskipti hjá  
sálfræðingum


## Sálfélagsleg þjónusta

Sálfélagsleg þjónusta veitir bæði samtalsmeðferð og hópmeðferð. Samskipti í sálfélagslegri þjónustu voru 4.960 á árinu 2023 og fjölgaði úr 4.731 árið 2022. Á myndunum hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir starfsemi sálfélagslegrar þjónustu, bæði hjá sálfræðingum á heilsugæslustöðvum og í geðheilsuteymum.

### Fjöldi samskipta - sálfræðingar



### Fjöldi samskipta 2023 - sálfræðingar







## Geðheilsuteymi

Geðheilsuteymi HSN sinnti 2.258 samskiptum árið 2022 en þeim fækkaði í 1.611 árið 2023.

### Samskipti starfsstétta - geðheilsuteymi 2023



### Fjöldi samskipta - geðheilsuteymi







## Mæðravernd

Ljósmaður í samvinnu við heimilislækna sinna mæðravernd. Á árinu 2023 voru 704 konur í mæðravernd og skoðanir voru 4.985. Á myndunum hér að neðan má sjá samanburð á milli ára, fjölda kvenna í mæðravernd og fjölda skoðana eftir starfsstöðvum.

### Mæðravernd - fjöldi kvenna



### Mæðravernd - skoðun á hverja konu








## Ung- og smábarnavernd

Í ung- og smábarnavernd er fylgst með vexti og þroska barnsins og lögð áhersla á stuðning við fjölskylduna. Fyrstu vikurnar eftir fæðingu er boðið upp á heimavitjanir en síðan reglubundnar skoðanir á heilsugæslustöðinni fram að skólaaldri.


Vigtanir á árinu 2023 voru 908 og viðtöl 5.151 en á árinu 2022 voru vitjanir 1.036 og viðtöl 5.821. Sjá má nánari skiptingu eftir meginstarfsstöðvum og samanburð á milli ára á myndunum hér fyrir neðan.



### Viðtöl í ung- og smábarnavernd - fjöldi barna





### Fjöldi viðtala á hvert barn í ung- og smábarnavernd






## Heilsuvernd grunnskólanna

Á svæði HSN eru 29 grunnskólar með 4.812 nemendum en á árinu 2022 voru þeir 4.755. Samskipti við nemendur voru 42.849 en á árinu 2022 voru þau 44.286. Á myndunum hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir fjölda nemenda og fjölda samskipta á milli ára. Þá má einnig sjá tegund samskipta, skipt niður á svæði HSN.




### Samskipti í heilsuvernd grunnskólabarna 2023



Á Norðurlandi eru sex framhaldsskólar. Á síðustu tveimur árum hefur verið unnið að því að koma á og efla þjónustu hjúkrunarfræðinga í framhaldsskólum. Samhliða því er verið að samræma skráningu og staðtölugerð þessarar þjónustu og því ber að taka meðfylgjandi mynd með þeim fyrirvara.



### Samskipti í hjúkrun í framhaldsskólum




## Heimahjúkrun

Heimahjúkrun er í boði á öllum starfsstöðvum á dagvinnutíma. Auk þess er þjónustan í boði á Akureyri um helgar, á kvöldin og á næturnar. Á öllum stærri starfsstöðvum er boðið upp á heimahjúkrun á morgnana um helgar auk þess sem reynt er að koma til móts við skjólstæðinga ef þörf er á heimahjúkrun á öðrum tímum.


Samskipti í heimahjúkrun á árinu voru 81.120. Sjá má yfirlit yfir samskipti í heimahjúkrun á myndunum hér fyrir neðan skipt niður á starfsstöðvar, kyn og hvenær þjónustan er veitt.



### Heimahjúkrun - samskipti eftir kynjum




### Heimahjúkrun 2023 - samskipti eftir aðkomu




MAPLe flokkun er fimm stiga kvarði sem nýttur er í heimahjúkrun til að meta þjónustupörf. MAPLe 1 er lítil þjónustupörf og MAPLe 5 er mikil þjónustupörf. Á meðfylgjandi mynd má sjá fjölda í hverjum flokki árið 2023 þar sem búið er að fullgera þjónustumat á einstaklingum.

### Heimahjúkrun - hlutfall einstaklinga í hverjum MAPLe flokki




### Heimahjúkrun 2023 - fjöldi eftir MAPLe flokkum





5.217  
Sjúkraflutningar


### Heimahjúkrun - fjöldi einstaklinga




### Sjúkraflutningar

Sjúkraflutningar eru skráðir hjá Neyðarlínu og er mikilvægi forgangs flokkað í F1-F4 þar sem F1 er mesti forgangur. Flutningar á svæði HSN á árinu voru 5.217 en árið 2022 voru þeir 5.022. Á myndunum hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir fjölda flutninga á svæðinu og nánari skiptingu eftir stöðum og forgangi.

### Fjöldi sjúkraflutninga



### Fjöldi sjúkraflutninga - eftir forgangi



### Fjöldi sjúkraflutninga - forgangur og ár

	F1			F2			F3			F4		
	2021	2022	2023	2021	2022	2023	2021	2022	2023	2021	2022	2023
Akureyri	320	461	448	417	429	481	863	1.129	1.228	943	1.074	1.128
Blönduós	28	30	34	81	69	62	107	101	116	46	42	50
Dalvík	28	23	31	49	46	40	78	86	86	12	10	13
Fjallabyggð	39	57	54	59	72	62	127	125	113	71	64	80
Húsavík	50	110	85	150	167	153	309	314	297	201	207	171
Sauðárkrókur	67	50	47	106	88	92	156	156	212	148	112	134
<b>Samtals</b>	<b>532</b>	<b>731</b>	<b>699</b>	<b>862</b>	<b>871</b>	<b>890</b>	<b>1.640</b>	<b>1.911</b>	<b>2.052</b>	<b>1.421</b>	<b>1.509</b>	<b>1.576</b>



SJÚKRABÍLA



12

SJÚKRABÍLL

ADALINGANGUR  
MAIN ENTRANCE  
Sjúkrahús & Heilsugæsla  
Móttaka sjúklinga  
Heimskírnir  
Upplysingar  
Farmóttaka  
Hættuvarnarmarkaður  
Hættuvarnarmarkaður





**294**  
Samskipti í  
unglingamóttöku HAK




**2.775**  
Samskipti í heilsu-  
eflandi móttökum

## Unglingamóttaka

Unglingamóttaka er starfrækt á HSN Akureyri. Markmiðið með henni er að auka aðgang ungs fólks að heilsugæslunni. Hjúkrunarfræðingar sinna móttökunni í samvinnu við heilsugæslulækna. Á árinu 2023 sinnti ungingamóttakan 294 samskiptum, en 345 á árinu 2022. Sjá má yfirlit yfir fjölda samskipta á milli ára á myndinni hér fyrir neðan eftir kyni.


Unglingamóttaka á Akureyri - fjöldi samskipta



## Heilsueflandi móttaka

Heilsueflandi móttökur eru starfræktar á flestum stærri starfsstöðvum. Verið er að efla og þróa þá starfsemi og er fyrst og fremst áhersla á sykursýki 2. Unnið er að því að heilsueflandi móttökur verði á öllum meginstarfsstöðvum og verklag verði samræmt. Undir heilsueflandi móttöku falla sykursýkimóttökur, lífsstílmóttökur og heilsueflandi heimsóknir.


Heilsueflandi móttaka, eftir þjónustuflokkum 2023




## Hreyfiseðlar

Hreyfiseðill er meðferðarúrræði þar sem sjúkraþjálfari gerir hreyfiáætlun í samráði við skjólstæðing. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá samanburð á komum til hreyfistjóra á milli ára.

### Hreyfiseðlar - komur til hreyfistjóra



### Hreyfistjórnun 2023






27.469  
Bólusetningar gerðar

## Bólusetningar


Fjöldi bólusetninga á HSN var 27.469 á árinu 2023. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá dreifingu bólusetninga á milli starfsstöðva og tegund bólusetninga. Auk þeirra bólusetninga sem koma fram á myndinni voru framkvæmdar 289 inflúensubólusetningar og 240 COVID-19 bólusetningar sem ekki voru skráðar á tiltekna heilsugæslustöð.



## Hjúkrunar- og sjúkrasvið

Á stofnuninni eru rekin sjúkrahús á Blönduósi, Sauðárkróki, Fjallabyggð og Húsavík með sjúkradeildum, hjúkrunardeildum, dvalarrýmum og stoðþjónustu. Á svæðinu eru hjúkrunardeildir einnig víða reknar af sveitarfélögum. Sérfræðiþjónusta er rekin á göngudeildum í tengslum við sjúkrahúsin.

Rýmin eru í heildina 192 og skiptast þau í 23 sjúkrarými þar af tvö endurhæfingarrými, 144 hjúkrunarrými og 25 dvalarrými. Skiptingu milli staða má sjá á myndinni hér fyrir neðan.



Í töflunni hér að neðan má sjá yfirlit yfir fjölda rýma eftir deildum HSN og meðalnýtingu þeirra á árinu 2023.




89%  
Rúmanýting

## Sjúkra-, hjúkrunar- og dvalarrými 2023

	Fjöldi sjúklinga	Dvalir	Legudagar	Leyfis dagar	Rúmafjöldi	Meðal-rúmanýting	Meðalfjöldi legudaga án leyfis daga	Meðalfjöldi sjúklinga á dag
<b>Blönduós</b>								
Sjúkradeild	53	107	1.038	0,0	3	60%	9,4	2,3
Hjúkrunardeild	25	34	4.958	0,0	22	53%	120,9	11,8
Dvalardeild	11	12	3.164	0,0	9	79%	226,0	7,1
<b>Fjallabyggð</b>								
Sjúkradeild	105	171	2.688	31,0	3	210%	15,1	6,9
Hjúkrunardeild	49	63	4.407	69,7	20	56%	66,8	11,4
<b>Húsavík</b>								
Sjúkradeild	217	382	5.997	64,0	8	88%	7,9	8,3
Hvammur - Dvalarrými	10	11	2.552	0,0	7	100%	212,6	7,0
Hvammur - Hjúkrunarrými	57	80	12.344	0,0	34	99%	150,5	33,8
Hjúkrunardeild	22	33	6.635	7,0	18	94%	201,1	16,9
Hjúkrunardeild/sjúkradeild	19	39	1.872	22,2	5	63%	49,3	3,4
<b>Sauðárkrókur</b>								
Sjúkradeild	273	416	3.085	85,7	7	82%	7,3	7,1
Sjúkradeild - hvíldarinnlögn	4	4	20	0,0	2	1%	5,0	1,0
Sjúkradeild - endurhæfingardeild	17	18	347	83,8	2	53%	19,3	1,7
Hjúkrunardeild 2	33	48	4.569	34,0	13	92%	81,6	12,1
Hjúkrunardeild 3	21	27	2.772	3,3	10	67%	106,6	6,7
Hjúkrunardeild 5	43	48	7.119	4,9	20	84%	127,1	16,9
Dvalardeild	12	12	2.568	149,5	9	73%	214,0	7,0

RAI þyngdarstuðull mælir hjúkrunar- og umönnunarþyngd í hjúkrunarrýmum á samræmdan máta. Hjúkrunarpörfin eykst með hærri stuðli. Sjá má þróun á myndinni hér fyrir neðan. Sjá má ítarlega niðurstöðu úr gæðavísunum RAI matskerfisins á heimasíðu HSN.

### Hjúkrunarrými, RAI þyngdarstuðull - RUG III





	nóv- feb 2018	mars- maí 2018	jún- okt 2018	nóv- feb 2019	mars- maí 2019	jún- okt 2019	nóv- feb 2020	mars- maí 2020	jún- okt 2020	nóv- feb 2021	mars- maí 2021	jún- okt 2021	nóv- feb 2022	mars- maí 2022	jún- okt 2022	nóv- feb 2023	mars- maí 2023	jún- okt 2023	nóv- feb 2024
Húsavík	1,16	1,19	1,24	1,22	1,15	1,30	1,23	1,17	1,17	1,22	1,25	1,30	1,28	1,19	1,22	1,25	1,26	1,17	1,25
Blönduós	1,09	1,06	1,04	1,02	1,03	1,03	1,01	0,98	1,00	1,07	1,13	1,11	1,12	1,05	1,27	1,06	1,05	1,00	1,18
Sauðárkrókur	1,00	1,03	0,97	1,02	1,02	1,03	1,02	1,04	1,00	0,98	1,01	1,03	1,09	1,01	1,06	1,09	1,06	1,11	1,01
Fjallabyggð	0,94		0,96	1,02		0,96	0,98	1,00	1,01	1,10	1,06	1,08	1,11	1,07	1,09	1,20	1,09	0,98	1,11
HSN meðaltal	1,06	1,06	1,03	1,06	1,05	1,05	1,05	1,06	1,05	1,07	1,09	1,09	1,14	1,11	1,14	1,14	1,11	1,10	1,10




## Göngudeild

Á göngudeildum fara fram móttökur sérfræðilækna, speglanir, minni aðgerðir, ýmsar rannsóknir eins og hjartapolspróf og ómanir. Misjafnt er þó milli starfsstöðva hversu umfangsmikil þessi starfsemi er. Sjá má yfirlit á myndunum hér fyrir neðan.






### Speglinir 2023



	Húsavík	Sauðárkrúkur
■ Magaspeglun	158	180
■ Ristilspeglun	181	129
■ Blöðruspeglun	46	0

### Fjöldi hjartapolprófa og hjartaómana




	Hjartapolpróf	Hjartaómanir
■ 2021	63	83
■ 2022	57	75
■ 2023	75	138






## Fjöldi ómana - þvagfæralæknar



## ● Skimun fyrir leghálskrabbameini

Yfirlit yfir fjölda skimana má sjá í töflu hér fyrir neðan.

## Fjöldi skimana fyrir leghálskrabbameini





5.244  
Frákvæmdar  
röntgenrannsóknir




236.229  
Rannsóknir gerðar


## Rannsóknir og röntgenmyndatökur

Rannsóknir innan HSN eru að stærstum hluta frákvæmdar á Sauðárkróki og Húsavík. Á Blönduósi, Dalvík og Fjallabyggð eru aðallega gerðar skyndirannsóknir. Röntgenmyndatökur eru frákvæmdar á öllum meginstarfsstöðvum HSN nema á Akureyri. Sjá má yfirlit yfir fjölda rannsókna og röntgenmynda á HSN hér fyrir neðan.

Fjöldi rannsókna eftir beiðanda



Röntgenmyndatökur






281

Holterrannsókn gerð

Holterrannsóknir eru framkvæmdar á heilsugæslustöðvum HSN á Blönduósi, Fjallabyggð, Húsavík og Sauðárkróki en úrlestur þeirra er á SAK. Fjöldi rannsókna var 281 árið 2023, en var 188 árið 2022.


### Fjöldi holterrannsókna



### ● Atvikaskráning


Á árinu 2023 voru skráð sjúklingaatvik 343 og fjölgaði þeim úr 322 árið 2022. Algengustu atvikin eru föll/byltur en síðan koma atvik tengd lyfjameðferð. Í töflunni hér að neðan má sjá yfirlit yfir skráð atvik á HSN.

### Atvikaskráning, fall/bylta






### Atvikaskráning, lyfjameðferð og önnur atvik



	2021	2022	2023	2021	2022	2023
■ Akureyri	4	3	1	1	2	5
■ Blönduós	4	0	2	6	2	0
■ Dalvík	0	0	0	0	0	0
■ Fjallabyggð	4	3	3	3	1	10
■ Húsavík	6	15	14	4	8	11
■ Sauðárkrókur	10	0	6	3	0	2

Starfsmannatengd atvik eru hverslags atvik sem starfsmenn verða fyrir og eru nú skráð sérstaklega í nýjan gagnagrunn. Fjöldi þeirra má sjá á meðfylgjandi mynd.

### Starfsmannatengd atvik, fjöldi




	Akureyri	Blönduós	Dalvík	Fjallabyggð	Húsavík	Sauðárkrókur	Án staðsetningar
■ 2022	28	5	3	2	10	7	4
■ 2023	41	8	2	4	9	10	2


## ● Mannauður

Samtals kom 1.031 starfsmaður á launaskrá á árinu, óháð samningsformi. Á árinu voru að meðaltali 617 einstaklingar í starfi hjá HSN í um 451 stöðugildi. Þá er ekki meðtalið starfsfólk á verktakasamningum eða starfsfólk sem er einungis á bakvöktum. Starfsfólk er að meðaltali í um 73% stöðuhlutfalli og skilgreindir 15% starfsfólks sig sem karlmenn og 85% sem konur.

Starfsfólk sem flokkast sem „almennur starfsmaður“ er fjölmennasta starfsstétt HSN en þar eru um 127,3 stöðugildi. Þá koma hjúkrunarfræðingar í um 96 stöðugildum, sjúkraliðar í 73 stöðugildum og BSRB starfsmenn í 61,6 stöðugildum. Aðrar stéttir eru með færri en 40 setin stöðugildi. Stöðugildi lækna eru 39,7. Stöðugildi sérfræðinga í heimilislækningum eru fimmtán og hálf, aðrir sérfræðingar rúmlega átta og almennir læknar, sérnámsgrunnslæknar og læknanemar um sextán. Á myndinni hér á eftir má sjá yfirlit yfir fjölda stöðugilda eftir stéttarfélögum.





Á myndinni hér á eftir má sjá þróun í stöðugildum lækna síðustu 5 ár eftir samningsformi.



Meðalaldur starfsfólks er 43,1 ár og lækkar milli ára (45,0 árið 2022). Veikindahlutfall er 8,7% árið 2023 en var 9,13% árið 2022. Fjarverustundir vegna veikinda voru 65.968 á árinu 2023.

Á myndunum hér fyrir neðan má sjá hvernig starfsfólk skiptist eftir aldursbilum og skipulagseiningum. Á skipulagseiningunni „Yfirstjórn“ kostnaðarfærast stöðugildi vegna framkvæmdastjórnar ásamt starfsfólki mannauðssviðs, fjármála-sviðs, gæðasviðs og tæknisviðs. Einnig eru kostnaðarfærðar sérnámsstöður í heilsugæsluhjúkrun.



## ● Gjafir til HSN 2023

HSN berast reglulega gjafir frá velunnurum stofnunarinnar. Gjafirnar bæta til muna búnað stofnunarinnar. Skjólstæðingar og starfsfólk meta hlýjan hug og örlæti styrktar- og stuðningsaðilanna.

### Gjafir til starfsstöðvar HSN á Sauðárkróki

Stofnuninni bárust frá Sigurlaugarsjóði gjafir að verðmæti 5.691.948 kr. :

- Dermatoscope Delta húðsjá að verðmæti 343.195 kr.
- Tvö náttborð að verðmæti 264.100 kr.
- Fjögur hjúkrunarrúm og fylgihlutir að verðmæti 1.661.360 kr.
- Fjögur sjúkrarúm með fylgihlutum að verðmæti 3.423.293 kr.

Lionsklúbbur Sauðárkróks gaf stofnuninni:

- Drager Jaundice Meter - blossamæli að verðmæti 1.525.200 kr.

Oddfellow gaf gjafir að verðmæti 3.200.617 kr.:

- Tvo blöðruskanna að verðmæti 2.370.617 kr.
- VscanAir þráðlaus sönartæki að verðmæti 830.000 kr.

### Gjafir til starfsstöðvar HSN í Fjallabyggð

Minningasjóður Guðnýjar Stefáns gaf stofnuninni gjafir að verðmæti 2.585.498 kr.:

- Epoc rannsóknatæki með prentara að verðmæti 1.400.000 kr.
- Æðasjá ásamt fylgihlutum að verðmæti 1.185.498 kr.

### Gjafir til starfsstöðvar HSN á Dalvík

Kvenfélagið Tilraun og Kvenfélagið Hvöt gáfu stofnuninni:

- Sönartæki að verðmæti 460.000 kr.

### Gjafir til starfsstöðvar HSN á Blönduósi

Hollvinasamtök HSN á Blönduósi gáfu stofnuninni gjafir að verðmæti 667.090 kr.:

- 43" smartsjónvarp, veggfesting, partybox ferðahátalari, veðurvarinn bluetooth hátalari og þrjú útvarpstæki að verðmæti 188.239 kr.
- Evac björgunarstólar/flóttastólar að verðmæti 478.851 kr.

Oddfellow gaf stofnuninni rafskutlu að verðmæti 904.250 kr.



## Gjafir til starfsstöðvar HSN á Húsavík

Styrktarfélag HSN í Þingeyjarsýslu hafði milligöngu um kaup á búnaði fyrir hönd styrktaraðila.

Helga Þuríður Árnadóttir gaf hjúkrunarrúm m/gálga og handgripi að verðmæti 692.298 kr.

Kvenfélag Mývatnssveitar og Slysavarnafélagið Hringur Mývatnssveit gaf stofnuninni veltirúm m/dýnu, gálga og handgripi að verðmæti 901.459 kr.

Samband stjórnenda gaf stofnuninni gjafir að verðmæti 1.904.626 kr.

- Vscan þráðlaus sónartæki að verðmæti 820.000 kr.
- Rad-5 metunarmæli að verðmæti 133.672 kr.
- Þrjá blóðþrýstingsmæla á stöndum að verðmæti 453.468 kr.
- Lífsmarkamæli að verðmæti 497.486 kr.

Lionsklúbbur Húsavíkur, Kvenfélag Mývatnssveitar, Kvenfélag Reykjahrepps, Kvenfélagið Aldan, Kvenfélag Aðdæla Aðaldal, Kvenfélag Húsavíkur, Kvenfélagið Hildur, Ríkarður Sölvason og Styrktarfélag HSN gáfu stofnuninni:

- Videocolon scop og Videogastro scop að verðmæti 11.037.669 kr.

Ladies circle, Kvenfélag Húsavíkur, Kvenfélagið Aldan og Round Table gáfu stofnuninni:

- Drager Jaundice meter (gulumælir) að verðmæti 1.365.426 kr.

## Gjafir til starfsstöðvar HSN í Reykjahlíð

Styrktarfélag HSN í Þingeyjarsýslu hafði milligöngu um kaup á búnaði fyrir hönd styrktaraðila.

Kvenfélagið í Mývatnssveit gaf stofnuninni:

- Æfingarbolta og önnur smátæki að verðmæti 89.685 kr.
- Axlatrissu og ökklaþyngingar að verðmæti 11.103 kr.

Slysavarnafélagið Hringur Mývatnssveit gaf stofnuninni trissur að verðmæti 273.420 kr.

## Gjafir til starfsstöðvar HSN á Raufarhöfn

Styrktarfélag HSN í Þingeyjarsýslu hafði milligöngu um kaup á búnaði fyrir hönd styrktaraðila.

Kvenfélagið Freyja gaf stofnuninni CP 150 EKG án WiFi að verðmæti 537.188 kr.

## ● Skýrsla og áritun forstöðumanns

Heilbrigðisstofnun Norðurlands er ríkisaðili í A1-hluta sem veitir heilsugæsluþjónustu, sjúkrahúspjónustu auk öldrunarþjónustu í formi hjúkrunar- og dvalarrýma. Starfsemi Heilbrigðisstofnunar Norðurlands nær frá Blönduósi í vestri til Þórshafnar í austri.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir nokkur málefnasvið og mála-flokka samkvæmt flokkun í fjárlögum og kemur aðgreining þess fram í starfspáttayfirliti.

Á árinu 2023 var ársveltan kr. 10.028,5 milljónir og afkoma kr. 36,3 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 67,4 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 1.458,8 milljónir.

Það er álit okkar að ársreikningur 2023 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Heilbrigðisstofnunar Norðurlands í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Heilbrigðisstofnunar Norðurlands fyrir árið 2023 með rafrænni undirritun sinni.

Forstjóri



## ● Sundurliðaður rekstrarreikningur 2023

	Skýr	2023	2022
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	9.102.523.166	7.880.993.253
Seld þjónusta .....	3	681.642.611	661.258.354
Vörusala .....		73.510.444	67.018.346
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	82.476.290	77.908.864
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		197.565	186.139
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	88.127.464	81.637.558
<b>Tekjur samtals</b>		<b>10.028.477.540</b>	<b>8.769.002.514</b>
<b>Gjöld</b>			
Framlög og tilfærslur .....		1.200.000	0
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	6.913.855.293	6.141.961.019
Annar rekstrarkostnaður .....	6	2.987.322.936	2.446.920.165
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....	7	1.690.411	6.405.520
Afskriftir og niðurfærslur .....	8	88.127.464	81.637.558
<b>Gjöld samtals</b>		<b>9.992.196.104</b>	<b>8.676.924.262</b>
<b>Afkoma ársins</b>		<b>36.281.436</b>	<b>92.078.252</b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	(172.893.564)	92.078.252
Rekstrartilfærslur .....		210.375.000	0
Fjármagnstilfærslur .....		(1.200.000)	0
		<b>36.281.436</b>	<b>92.078.252</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## ● Efnahagsreikningur 2023

	Skýr	31.12.2023	31.12.2022
<b>Eignir</b>			
Handbært fé .....	9	27.450.690	66.669.052
Viðskiptakröfur .....	10	154.908.575	39.194.606
Tengdir aðilar .....	11	706.236.968	589.362.328
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	12	36.550.400	17.960.541
Birgðir .....	13	34.817.796	41.222.025
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	14	485.336.673	379.057.665
Óefnislegar eignir .....	15	13.510.890	2.809.195
<b>Eignir samtals</b>		<b>1.458.811.992</b>	<b>1.136.275.412</b>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	11	68.978.317	58.449.174
Viðskiptaskuldir .....		277.867.775	116.865.479
Ýmsar skammtímaskuldir .....	16	558.304.530	503.619.204
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	17	486.290.981	426.252.602
<b>Skuldir samtals</b>		<b>1.391.441.603</b>	<b>1.105.186.459</b>
<b>Eignir samtals að frádragnum skuldum samtals</b>		<b>67.370.389</b>	<b>31.088.953</b>
<b>Eigið fé</b>			
Hrein eign .....	18	67.370.389	31.088.953
<b>Eigið fé samtals</b>		<b>67.370.389</b>	<b>31.088.953</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>1.458.811.992</b>	<b>1.136.275.412</b>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	19		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## ● Sjóðstreymisyfirlit 2023

	Skýr	2023	2022
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		36.281.436	92.078.252
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	8	88.127.464	81.637.558
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(88.127.464)	(81.637.558)
		<u>36.281.436</u>	<u>92.078.252</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(134.303.828)	(5.107.225)
Tengdir aðilar .....		(197.460.417)	7.529.858
Birgðir .....		6.404.229	(5.101.360)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		215.687.622	(66.664.173)
		<u>(109.672.394)</u>	<u>(69.342.900)</u>
		<u>(73.390.958)</u>	<u>22.735.352</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	14	(194.770.430)	(80.956.481)
Kaupverð óefnislegar eignir, verk í vinnslu .....		(10.701.695)	(2.809.195)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....		2.357.205	359.952
		<u>(203.114.920)</u>	<u>(83.405.724)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		91.114.920	31.305.724
Fjárfestingarframlag .....		112.000.000	52.100.000
Gjafaframlög til fjárfestinga .....		34.172.596	7.420.069
		<u>237.287.516</u>	<u>90.825.793</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		(39.218.362)	30.155.421
		<u>66.669.052</u>	<u>36.513.631</u>
		<u>27.450.690</u>	<u>66.669.052</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

